

42. fundur svæðisráðs norðursvæðis

Dagsetning/tími: 14. júní 2016 13:30-16:00	Fundarstaður: Laugar í Reykjadal, í húsnæði Þekkingarsetursins Seiglu.	Fundarritari: Hrönn G. Guðmundsdóttir
Mættir: Óli Halldórsson Böðvar Pétursson Arnheiður Jóhannsdóttir Ásvaldur Ævar Þormóðsson Grétar Ingvarsson	Fjarverandi: Enginn	Aðrir fundargestir: Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður Hrönn G. Guðmundsdóttir, hálendisfulltrúi

Dagskrá fundar:

1. Af vettvangi stjórnar – yfirlit formanns svæðisráðs
2. Starfið í þjóðgarðinum – yfirlit þjóðgarðsvarðar
3. Sumarbúðir við Ástjörn – umsókn um bátaskýli
4. Önnur mál
 - a. Tilnefning náttúruverndarsamtaka í svæðisráð
 - b. Fundir næsta vetur

1. Af vettvangi stjórnar – yfirlit formanns svæðisráðs

Deiliskipulag í Ásbyrgi

Ákvörðunarferli um gerð deiliskipulags innan þjóðgarðsins þykir óskýrt og óljóst hvaða aðilar hafa umboð til að stýra einstökum þáttum ferlisins. Svæðisráð bendir á að þótt deiliskipulag yfir Ásbyrgi sé fullunnið af hálfu svæðisráðs standi eftir hluti utan þjóðgarðs sem deiliskipulagið þurfi að ná til, en um slíkt vanti skýrari reglur. Svæðisráði þykir æskilegt að deiliskipulag þjóðgarðsins gæti náð aðeins út fyrir mörk hans við tiltekna aðstæður. Það yrði þá í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög. Svæðisráð ályktar að fela skuli framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs að vinna verklagsreglur um deiliskipulagsferli innan þjóðgarðsins. Svæðisráð felur einnig þjóðgarðsverði að ræða og skýra valdmörk þjóðgarðsins í tengslum við gerð deiliskipulags innan hans, í samvinnu við framkvæmdastjóra. Vegna þessa mun samþykkt deiliskipulags væntanlega dragast frekar.

Gestastofa í Mývatnssveit

Fjallað var um sameiginlega upplýsingamiðstöð Vatnajökulsþjóðgarðs, Umhverfisstofnunar og fleiri aðila í Mývatnssveit á fundi stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs. Var staðsetning hennar rædd, og lóð Grímsstaða í Mývatnssveit nefnd sérstaklega í þeim efnum. Einnig þykir jörðin Hofstaðir koma til greina, en ríkið eignaðist hana fyrir fáum árum síðan. Þjóðgarðsvörður norðursvæðis situr í starfshópi umhverfisráðherra sem skoðar framtíð Hofstaða.

Rekstur salerna og upplýsingaveita í Möðrudal á Fjöllum

Á fundi stjórnar komu fram samningsdrög við ferðafélögin, m.a. Ferðafélag Akureyrar og Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, um rekstur salerna á vegum ferðafélaganna innan þjóðgarðsins. Einnig voru lögð fram drög að samningi við ábúendur í Möðrudal á Fjöllum um aðstöðu þjóðgarðsins til upplýsingagjafar á þjónustusvæði á landi þeirra. Möðrudalur er utan þjóðgarðs en vinsæll áningastaður á leið ferðamanna inn á norður- og austursvæði garðsins.

2. Af vettvangi landvörslu – yfirlit þjóðgarðsvarðar

Aðstaða við Dettifoss að vestan

Bygging þjónustuhúss við Dettifoss að vestan er komin í ferli og útlit fyrir að húsið verði byggt í vetur. Einnig er að hefjast bygging á öðrum útsýnispalli við fossinn, en verktakinn sem byggði fyrri pallinn var einnig fenginn til að byggja seinni pallinn. Bygging pallsins á að klárast í haust.

Deiliskipulag við Vikraborgir í Öskju

Deiliskipulagið er farið í auglýsingu en ferlinu ekki lokið. Hönnun og smíði landvörsluhúss og þurrsalernis á bílastæðinu við Vikraborgir er langt á veg komin en líklega næst ekki að reisa húsin í haust.

Annað

Þjóðgarðsvörður greindi svæðisráði frá fundum sem hann ásamt hálendisfulltrúa átti með lögregluembættinu á Norðurlandi um löggæslu á hálendinu í sumar, Ferðafélagi Akureyrar um málefni sumarsins, þ.á.m. flutningi skála í Bræðrafell, og Vegagerðinni, en helsta mál þar á dagskrá voru heimildir til ferðaþjónustuaðila að fara um veg F88 þótt akstursbann væri í gildi. Jafnframt sagði þjóðgarðsvörður frá vinnu starfshóps á vegum Ferðamálastofu um upplýsingagjöf til ferðamanna, en þar átti hann sæti í hópi sem myndaður var á Norðurlandi.

3. Sumarbúðir við Ástjörn – umsókn um bátaskýli

Vatnajökulsþjóðgarði hefur borist umsókn um byggingu bátaskýlis frá rekstraraðila sumarbúða við Ástjörn. Ástjörn er innan þjóðgarðsins, en deiliskipulagstillagan sem nú er í vinnslu nær ekki til svæðisins í kringum Ástjörn. Ekki liggur fyrir samningur við rekstraraðila sumarbúðanna um áframhaldandi starfsemi við Ástjörn. Svæðisráði þykir rétt að þjóðgarðurinn marki sér framtíðarsýn um svæðið við Ástjörn og rekstur þar, geri síðan mögulega samning við rekstraraðila um áframhaldandi starfsemi og vinni þá deiliskipulag yfir svæðið áður en frekari ákvarðanir um uppbyggingu við Ástjörn verði teknar. Svæðisráð hafnar því beiðni rekstraraðila sumarbúðanna um byggingu bátaskýlis, en telur rétt að svæðið verði tekið inn í þá deiliskipulagsvinnu sem nú er í gangi.

4. Önnur mál

a. Tilnefning náttúruverndarsamtaka í svæðisráð

Náttúruverndarsamtök hafa tilnefnt Hjördísi Finnbogadóttur, menntaskólakennara, sem fulltrúa sinn í svæðisráði norðursvæðis. Beðið er staðfestingar umhverfisráðherra. [Tilnefning var staðfest 20. júní 2016.]

b. Fundir næsta vetur

Samþykkt að fundir næsta vetrar verði haldnir á miðvikudögum. Fundað verði síðasta miðvikudag mánaðar á tveggja mánaða fresti. Næsti fundur er því fyrirhugaður miðvikudaginn 28. september og verður hann haldinn í Gljúfrastofu.

Fundi slitið kl. 16:00